

**Nd.**

**2. Frumvarp til laga**

[2. mál]

um innheimtu ýmissa gjalda með viðauka.

(Lagt fyrir Alþingi á 91. löggjafarþingi, 1970.)

**1. gr.**

Ríkisstjórninni er heimilt að innheimta á árinu 1971 með viðauka eftirtalin gjöld til rikissjóðs:

- a. Með allt að 140% viðauka stimpilgjald og leyfisbréfastgjöld önnur en þau, er um ræðir í aukatekjulögum nr. 104/1965.
- b. Með 560% álagi gjald af innlendum tollvörutegundum samkvæmt lögum nr. 60/1939, nema af gosdrykkjum samkv. 1. tölulið 4. kafla 2. gr. með 680% álagi, öli samkv. 3. tölul. sama kafla með 740% álagi og kaffibæti samkv. 1. lið 3. kafla með 50% álagi.

**2. gr.**

Álagið skal reikna þannig, að hver gjaldeining hækki um þann hundraðshluta, sem um ræðir í 1. gr., en broti úr eyri, sem myndast við viðbót þessa, skal sleppt.

**3. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er gert ráð fyrir að innheimta tiltekin gjöld á árinu 1971 með sömu viðaukum og verið hefur undanfarin ár.